

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um lögregluna í Reykjavík.

Frá Guðmundi Árna Stefánssyni.

1. Hefur lögreglan í Reykjavík sömu möguleika á að sinna óskum borgaranna um brýna lögregluaðstoð nú og fyrir tíu árum?
2. Hefur lögreglan í Reykjavík náð að sinna öllum beiðnum borgaranna um brýna lögregluaðstoð um helgar síðustu fjóra mánuði?
3. Hver er meðaltími frá því að beiðni um aðstoð lögreglu berst og þar til lögreglan er mætt á vettvang um helgar á sama tímabili?
4. Hver er lengstur útkallstími þar sem neyðaraðstoðar lögreglu hefur verið óskað?
5. Hafa orðið breytingar á þeim atriðum sem spurt er um í 1.–3. lið á síðustu árum, þ.e. hefur útkallstími lengst og hefur orðið að vísa frá beiðnum um smærri viðvik lögreglu sem áður var sinnt?